

Greinargerð

um innflutning á heyrnartækjum og hlutum í þau á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands frá 1. janúar 1997 til 31. maí 2001

Janúar 2002



RÍKISENDURSKOÐUN

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	2
2	UM STARFSEMI HTÍ	3
3	VIÐSKIPTI HTÍ VIÐ DICTON	5
4	INNFLUTNINGUR HTÍ Á FYRIRFRAMGREIDDUM VÖRUM	8
5	KAUP Á VÖRUM FRÁ WIDEX OG VIÐSKIPTI MEÐ ÞÆR	9
6	INNFLUTNINGUR Á VÖRUM, SEM FENGUST Í SKIPTUM FYRIR VÖRUR FRÁ WIDEX..	10
7	ANNAD.....	11
8	NIÐURSTÖÐUR	12

Fylgiskjal 1	Greining viðskipta við Diction 1997-2001	14
Fylgiskjal 2	Greining á ferðatíðni fyrrverandi framkvæmdastjóra 1997-2001.....	18
Fylgiskjal 3	Greining viðskipta við Widex 1997 - 2001.....	19

1 Inngangur

Við endurskoðun á bókhaldi Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands (hér eftir nefnd HTÍ) fyrir árið 2000 vöktu núverandi stjórnendur HTÍ athygli Ríkisendurskoðunar á að kaup og greiðslufyrirkomulag á vörum frá danska fyrirtækinu Dicon, sem selur stofnuninni fullbúin heyrnartæki og varahluti í þau, voru að ýmsu leyti óvenjuleg.

Samkvæmt XII. kafla laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, sbr. áður 3. gr. laga nr. 52/1987 um sama efni og 8. gr. reglugerðar nr. 302/1996 um innkaup ríkisins, ber Ríkiskaupum að jafnaði að annast innkaup fyrir HTÍ, hvort sem er innanlands eða erlendis. Þrátt fyrir þetta keypti HTÍ vörur á árinu 2000 beint af danska fyrirtækinu fyrir umtalsverðar fjárhæðir og greiddi þær fyrirfram með reiðufé. Af þessum sökum var ákveðið að kanna nánar hvernig staðið hafði verið að kaupum og innflutningi HTÍ á heyrnartækjum o.fl. frá ársbyrjun 1997 til maíloka 2001, en þá lét fyrirverandi framkvæmdastjóri að störfum.

Athugunin beindist einnig að viðskiptum HTÍ við danska fyrirtækið Widex en í ljós kom að tilteknar vörur frá því höfðu ekki skilað sér inn á lager stofnunarinnar. Hér var um að ræða magnara, sem notaðir eru í ákveðnar gerðir heyrnartækja.

Við athuginina var einkum leitað eftir upplýsingum hjá fyrirverandi framkvæmdastjóra HTÍ, fjármálastjóra og núverandi framkvæmdastjóra stofnunarinnar sem og hjá Ríkiskaupum, Dicon og Widex.

Ríkisendurskoðun hefur nú lokið athugun sinni á framangreindum viðfangsefnum. Í greinargerð þessari er gerð grein fyrri niðurstöðum stofnunarinnar á einstökum þáttum þeirra.

2 Um starfsemi HTÍ

Á því tímabili, sem hér um ræðir, starfaði HTÍ skv. lögum nr. 35/1980. Skv. 1. gr. laganna skal ríkið starfrækja stofnun, sem nefnist Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Við stofnunina skulu einkum starfa sérfræðingar á sviði heyrnarfræði, sbr. nánar 1. gr. laganna. Skv. 2. gr. laganna skipar ráðherra henni framkvæmdastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skv. 4. gr. skyldi stofnunin annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t.d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Skv. 5. gr. laganna á stofnunin að annast útvegum á hvers konar hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta og málhalta, sem yfirlæknir hennar úrskurðar nauðsynleg. Þá var í sömu grein mælt fyrir um að ráðherra skyldi setja að fegnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatryggingalaga. Tekið skal fram að í desember 2001 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, þar sem þessi þáttur heilbrigðisþjónustunnar er felldur undir almennu heilbrigðislöggjöfina með því að fella meginákvæði laga um HTÍ með ýmsum breytingum inn í lög nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Lagabreyting þessi nr. 143/2001 öðlaðist gildi hinn 31. desember 2001. Þetta breytir hins vegar engu varðandi athugun þessa enda áttu atvik sér öll stað í gildistíð eldri laganna.

Vegna hins lögbundna hlutverks HTÍ við útvegum heyrnartækja þykir rétt að gera örstutta grein fyrir skyldum hennar skv. lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 og tollalögum nr. 55/1987. Samkvæmt 4. tölul. 3. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, hvílir sú skylda á ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra að innheimta virðisaukaskatt og skila honum í ríkissjóð að því leyti, sem þessir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Á þeim tíma sem hér um ræðir mun HTÍ ekki hafa átt í neinni samkeppni við atvinnufyrirtæki í tengslum við öflun og dreifingu heyrnartækja. Af þessu leiddi að stofnuninni bar ekki að innheimta virðisaukaskatt af “sölu” heyrnartækja til skjólstæðinga sinna. Hins vegar ber HTÍ að greiða virðisaukaskatt af öllum aðföngum sínum, þar á meðal innflutningi á heyrnartækjum og tengdum vörum, sbr. 34. gr. laganna um virðisaukaskatt.

Að því er innflutningstarfsemi HTÍ í tengslum við hina lögbundnu starfsemi sína skal aðeins vakin athygli á 2. gr. tollalaga nr. 55/1987 en skv. henni telst hver sá tollskyldur, sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða ábyrgur verður um greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum laganna, og skal hann greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá. Skv. 14. gr. sömu laga skal innflytjandi, eigandi eða annar aðili, sem veitir innfluttri vöru viðtöku, afhenda viðkomandi tollyfirvaldi skriflega skýrslu, aðflutningsskýrslu, um vöruna í því formi sem ráðherra ákveður. Aðflutningsskýrsluna skal að jafnaði afhenda tollyfirvaldi áður en vara eða sending er tekin úr vörslu farmflytjanda.

Rétt er taka fram að heyrnartæki þau og hlutir í þau, sem HTÍ flutti inn á því tímabili, sem til skoðunar er í greinargerð þessari, bera hvorki toll né vörugjald skv. lögum nr. 97/1987. Hins vegar bera þau virðisaukaskatt við innflutning eins og áður segir, sbr. 34. gr. laganna um virðisaukaskatt, og ber að greiða hann af tollverði vörunnar, sbr. nánar IV. kafli tollalaga.

3 Viðskipti HTÍ við Dicon

Öll skráð viðskipti við Dicon frá 1. janúar 1997 til 31. maí árið 2001 voru skoðuð, en þau komu fram með tvennum hætti í bókhaldi stofnunarinnar. Annars vegar keypti stofnunin heyrnartæki og varahluti í þau af Dicon með milligöngu Ríkiskaupa. Kaupin gengu þannig fyrir sig að HTÍ sendi Ríkiskaupum beiðni, sem í framhaldi af því pantaði vöruna síðan frá Dicon. Ríkiskaup annaðist tollafgreiðslu vörunnar, þ.m.t. greiðslu virðisaukaskatts, og uppgjör við Dicon. Að þessu loknu sendi Ríkiskaup HTÍ reikning vegna viðskiptanna. Við þessa viðskiptahætti er ekkert að athuga.

Hins vegar keypti HTÍ tæki beint af Dicon án milligöngu Ríkiskaupa. HTÍ fyrirframgreiddi Dicon þessar vörur að fullu á grundvelli afrits af reikningi. Það var gert með þeim hætti að Dicon sendi reikning á faxi til HTÍ. Fyrirverandi framkvæmdastjóri keypti í framhaldi af því danska mynt í reiðufé (seðla) í bankastofnunum hérlendis og reiddi sjálfur greiðsluna fram á starfsstöð Dicon í Danmörku. Tekið skal fram að framkvæmdastjórinn fyrirverandi annaðist sjálfur þessi viðskipti, en aðrir starfsmenn HTÍ virðast þar hvergi hafa komið nærri.

Frá ársbyrjun 1997 til maíloka 2001 námu þessar fyrirframgreiðslur tæplega 34,1 milljónum króna á verðlagi hvers árs eða sem nemur liðlega 3,2 milljónum danskra króna.¹ Reikningar sem greiddir voru með þessum hætti voru allt frá því að vera 17 og upp í 38 á ári. Greiðslurnar sjálfar, sem fram fóru á starfsstöð Dicon svo sem að ofan greinir, voru langtum færri enda margir reikningar gjarnan greiddir í einu. Nánar er vikið þessum þætti málsins og innflutningi vörunnar í næsta kafla.

Tafla 1. Fyrirframgreiðslur til Dicon

Ár	lkr	Dkr	Fjöldi
1997	4.353.780	408.900	17
1998	5.124.712	490.800	13
1999	9.509.246	874.500	25
2000	9.458.570	948.400	38
2001	5.630.598	497.000	20
Samtals	34.076.906	3.219.600	111

Framkvæmdastjórinn fyrirverandi gaf þá skýringu á þessu fyrirkomulagi við innkaupin að með þessum hætti hafi hann fengið tækin fyrr. Þá hafi það leitt til þess að varan varð ódýrari en ella því HTÍ gat hagað innflutningnum þannig að ekki kom til greiðslu virðisaukaskatts við tollafgreiðslu auk þess sem ekki þurfti að greiða Ríkiskaupum þjónustubóknun. Jafnframt gat hann þess að þessir viðskiptahættir hafi orðið umfangsmeiri þegar frá leið fyrir þá sök að afhending Dicon hefði viljað dragast vegna erfiðrar skuldastöðu HTÍ við Ríkiskaup, sem hefði haft í för með sér síðbúin

¹ Sjá dreifingu greiðslna í fylgiskjali nr. 1.

uppgjör Ríkiskaupa við Dicon. Framkvæmdastjórinn fyrrverandi benti á að á þessum árum hafi fjárhagsstaða stofnunarinnar verið mjög slæm.

Vegna síðastgreindrar skýringar framkvæmdastjórans var viðskiptareikningur Dicon í bókhaldi Ríkiskaupa athugaður. Af bókhaldi Ríkiskaupa verður ekki annað ráðið en að þau hafi greitt Dicon viðskiptaskuldir sínar með nokkuð reglubundnum hætti enda er það í ágætu samræmi við stefnu Ríkiskaupa að greiða erlendum birgjum viðskiptaskuldir innan eðlilegs gjaldfrests. Viðskiptaskuld Ríkiskaupa var að mati Ríkisendurskoðunar aldrei langvarandi eða óvenjuleg ef miðað er við umfang viðskiptanna. T.d. var viðskiptaskuld Ríkiskaupa við Dicon í árslok 1999 tæpar 2 m.kr. Hinn 24. janúar 2000 var skuld þessi að fullu greidd. Á sama hátt var skuldin í árslok 2000 um 5,2 m.kr. Hún var hins vegar að fullu greidd 10. janúar 2001. Því verður ekki ráðið af bókhaldinu að Ríkiskaup hafi dregið úr hófi að gera upp viðskiptaskuldir sínar við Dicon á því tímabili sem hér um ræðir. Því sýnist sú staðhæfing fyrrum framkvæmdastjóra að nauðsynlegt hafi verið að greiða Dicon fyrirfram vegna síðbúinna uppgjöra Ríkiskaupa ekki eiga við rök að styðjast. Ítrekað hefur verið reynt að fá afrit af viðskiptareikningi HTÍ í bókum Dicon, en án árangurs. Hins vegar er það rétt að HTÍ skuldaði Ríkiskaupum umtalsverðar fjárhæðir vegna innkaupa frá Dicon á því tímabili sem hér um ræðir. Í árslok 1997 skuldaði HTÍ Ríkiskaupum 9,0 milljónir króna, 1998 22,4 milljónir króna, 1999 20,7 milljónir króna, 2000 31,6 milljónir króna og 2001 19,1 milljónir króna.

Dicon afhenti vörur þær sem keyptar voru með þessum hætti mishratt. Þannig er dæmi um að afgreiðslufrestur hafi numið allt að 1 ½ ári. Ekki höfðu öll tækin, sem fyrirframgreidd voru, verið afhent hinn 14. desember 2001 en þá átti Dicon eftir að skila 30 fullbúnum tækjum að verðmæti um 4.400 danskar krónur hvert eða samtals um 132.000 danskar krónur.

Eins og áður greinir fóru allar fyrirframgreiðslur til Dicon fram á grundvelli afrits af reikningi sem barst með faxi. Frumrit reikninganna fyrir árin 2000-2001 hafa nú borist að fimm reikningum undanskildum.

Framkvæmdastjórinn fyrrverandi gat enga skýringu gefið á því hvers vegna Dicon væri eina fyrirtækið sem fengi greitt í reiðufé, á meðan öðrum viðskiptavinum HTÍ var greitt með ávísunum eða beinum bankagreiðslum. Hann benti á að Dicon hefði þá sérstöðu að vera eina fyrirtækið sem þeir keyptu af sérsmiðuð tæki. Jafnframt var leitað skýringa á því á hvern hátt greiðslunum í reiðufé var komið til Dicon. Að sögn framkvæmdastjórans fyrrverandi flutti hann það sjálfur persónulega í handfarangri þegar hann átti leið til Danmerkur, hvort sem var í opinberum erindagjörðum eða í ferðum á eigin vegum. Við skoðun á ferðakostnaði í bókum HTÍ kom í ljós að framkvæmdastjórinn fyrrverandi fór til Kaupmannahafnar á vegum stofnunarinnar fjórum sinnum á árinu 1997, fimm sinnum á árinu 1998, þrisvar sinnum á árinu 1999, fjórum sinnum á árinu 2000 og einu sinni á árinu 2001.²

Í 4. og 5. kafla er gerð grein fyrir sérstökum viðskiptum milli HTÍ og Dicon sem fólust í nokkurs konar vöruskiptum, þ.e.a.s. HTÍ keypti magnara af danska fyrirtækinu Widex og afhenti þá Dicon gegn því að fá í staðinn fullbúin heyrnartæki. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum sýnist Dicon enn eiga eftir að afhenda sem greiðslu af

² Sjá ferðatíðni í fylgiskjali nr. 2

sinni hálfu vegna þessara viðskipta heyrnartæki að fjárhæð 425 þúsund dönskum krónum. Samtals skuldar því Dicton HTÍ heyrnartæki að verðmæti tæplega 557 þúsundi danskra króna.

4 Innflutningur HTÍ á fyrirframgreiddum vörum

Tæki þau, sem HTÍ keypti beint af Diction án milligöngu Ríkiskaupa (fyrirframgreidda varan) virðist hafa verið flutt til landsins með þeim hætti að hafa verið komið fyrir í pökkum með tækjunum, sem Ríkiskaup annaðist kaup á f.h. HTÍ og flutt var inn með hefðbundnum hætti. Einnig fundust dæmi um að fyrirverandi framkvæmdastjóri hafi flutt tækin til landsins í farangri sínum.

Fyrirframgreiddu vörunnar var samkvæmt framansögðu hvorki getið á tollskýrslum né á vörulistum sem fylgdu sendingunum og átti innflutningurinn sér því stað án nokkurrar vitneskju Ríkiskaupa og tollyfirvalda. Í október 2000 mun framkvæmdastjórinn fyrirverandi þó hafa verið stöðvaður af tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli með þrjú heyrnartæki í fórum sínum og krafinn um greiðslu aðflutningsgjalda. Að sögn hans var hér um að ræða sýnishorn.

Þær vörur sem hér um ræðir munu hvorki bera toll né vörugjald. Hins vegar ber að greiða virðisaukaskatt af tollverði þeirra. Vangreiddur virðisaukaskattur af innflutningi hinna fyrirframgreidda vara frá Diction sýnist miðað við innkaupsverð þeirra geta numið liðlega 8,3 milljónum króna fyrir utan dráttarvexti.

Tafla 2. Áætlaður ógreiddur virðisaukaskattur.

Ár	Ikr	Dkr	Ógr vsk.
1997	4.353.780	408.900	1.066.676
1998	5.124.712	490.800	1.255.554
1999	9.509.246	874.500	2.329.765
2000	9.458.570	948.400	2.317.350
2001	5.630.598	497.000	1.379.497
Samtals	34.076.906	3.219.600	8.348.842

5 Kaup á vörum frá Widex og viðskipti með þær

Viðskipti HTÍ við Widex hafa eingöngu farið fram fyrir milligöngu Ríkiskaupa. Ástæða þótti til að skoða þau nánar þar sem í ljós kom að hluti af vörum frá þessu fyrirtæki bárust ekki inn á lager stofnunarinnar.

Vara sú, sem hér um ræðir eru magnarar af gerðinni CIC og CXT. Haft var samband við Widex og óskað eftir upplýsingum um raðnúmer þeirra magnara, sem um ræðir. Við samanburð á þeim og raðnúmerum í heyrnartækjum, sem keypt höfðu verið hjá Dicton, kom í ljós að hluta magnaranna frá Widex var að finna í heyrnartækjunum frá Dicton.

Þegar leitað var skýringa á þessu hjá fyrrverandi framkvæmdastjóra greindi hann frá því að hann hefði f.h. HTÍ náð betri samningum við Widex um kaup á mögnurum en aðrir, þar með talið Dicton. HTÍ keypti því þessa magnara, flutti þá til landsins en sendi þá síðan til Dicton. Magnarana notaði Dicton til að framleiða heyrnartæki fyrir HTÍ og í einhverjum tilfellum fyrir aðra viðskiptavinum Dicton. Greiðsla Dicton fyrir þessa magnara skyldi vera fullbúin heyrnartæki. Því sýnist hér vera um n.k. vöruskipti að ræða.

Heildarkaup HTÍ af Widex frá 1. janúar 1997 til 31. maí 2001 námu liðlega 1,8 milljónum danskra króna.³ Innkaupin eru margvísleg. Bæði var um að ræða títtnefnda magnara, og ýmsa varahluti í heyrnartæki. Vörur fyrir tæplega 773 þúsund danskur krónur voru notaðar beint af HTÍ, en vörur fyrir tæplega 1,1 milljónir danskur krónur komu aldrei inn á lager stofnunarinnar þar sem þær voru sendar áfram út til Dicton. Eins og áður greinir voru raðnúmer þeirra magnara, sem keyptir voru frá Widex borin saman við vörunúmerin í birgðakerfi HTÍ. Samanburðurinn leiddi í ljós hluta vörunnar frá Widex var að finna í heyrnartækjum frá Dicton. Fyrrverandi framkvæmdastjóri hefur upplýst að hann hafi sjálfur flutt vörunnar út í farangri sínum þegar hann átti leið til Kaupmannahafnar.

Tafla 3. Greining á vörukaupum frá Widex.

Dkr	Samtals keypt	Flutt út til Dicton	Notað af HTÍ	
	Samtals	1.825.396	1.052.567	772.828

³ Sjá innkaup á vörum frá Widex í fylgiskjali nr. 3.

6 Innflutningur á vörum, sem fengust í skiptum fyrir vörur frá Widex

Dicton var beðið að upplýsa hvaða heyrnartæki fyrirtækið hafi sent HTÍ sem greiðslu fyrir magnarana. Ríkisendurskoðun hefur fengið greinagerðir um sendingar samtals að fjárhæð 627 þúsund danskar krónur. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum nú um áramótin frá Dicton skuldar fyrirtækið HTÍ liðlega 425 þúsund dönskum krónum eða sem nemur rúmum 5,2 milljónum íslenskra króna vegna viðskiptanna með vörurnar frá Widex.

Tafla 4. Vörur í staðin fyrir

	Dkr.	Dkr.
Samtals flutt út til Dicton	1.052.567,43	
Greinagerð dags. 17/12/98		203.600,00
Greinagerð dags. 12/3/98		29.600,00
Greinagerð dags. 12/3/98		24.200,00
Greinagerð dags. 20/3/98		31.000,00
Greinagerð dags. ódagsett		6.450,00
Greinagerð dags. 16/04/99		72.000,00
Greinagerð dags. 12/05/99		39.400,00
Greinagerð dags. 13/07/99		38.700,00
Greinagerð dags. 22/09/99		46.465,00
Greinagerð dags. 14/10/99		38.100,00
Greinagerð dags. 1/2/01		50.320,00
Greinagerð dags. 1/2/01		47.280,00
	1.052.567,43	627.115,00
Óuppgert við HTÍ		425.452,43
	1.052.567,43	1.052.567,43

Greinagerðir Dicton eru enn að berast.

Greiðslur Dicton, sem hafa borist í formi fullbúinna heyrnartækja, voru fluttar til landsins með sama hætti og fyrirframgreiddu heyrnartækin, sem áður hefur verið greint frá, þ.e.a.s. þeim var komið fyrir með vörum, sem Ríkiskaup hafði f. h. HTÍ haft milligöngu um að kaupa af Dicton. Á sama hátt og raunin var með fyrirframgreiddum heyrnartækin, var ekki gerð grein fyrir þessum heyrnartækjum við innflutning þeirra. Engir reikningar hafa verið gefnir út vegna þessara viðskipta. Þá er þess að geta að þau gögn sem Dicton hefur lagt fram til þess að varpa ljósi á þessi viðskipti uppfylla tæplega þær kröfur sem bókhaldslög gera til greiðslugagna.

7 Annað

Við athugun þessa kom einnig í ljós að á árinu 1997 gaf Widex út þrjá vörukaupareikninga á HTÍ, sem hvorki rötuðu inn í bækur HTÍ eða Ríkiskaupa. Á reikningunum kom m.a. fram “*Lev. maade... afhændes af Birgir og haandbaggade*”. Skýringar fyrrverandi framkvæmdastjóra á þessum viðskiptum voru á þá lund að hann hafi haft milligöngu um þessi viðskipti og séð um að flytja og afhenda danska fyrirtækinu Omni vöruna sem og að sjá um uppgjör við Widex vegna viðskiptanna. Þetta segist hann hafa gert til að fyrirtækið nyti sömu kjara og HTÍ í viðskiptum við Widex.

8 Niðurstöður

Frá ársbyrjun 1997 til 31. maí 2001 keypti HTÍ af danska heyrnartækjaframleiðandanum Dicon vörur gegn fyrirframgreiðslu fyrir tæplega 34,1 milljónir króna, á verðlagi hvers árs, eða sem nemur 3,2 milljónum danskra króna. Skýring fyrrverandi framkvæmdastjóra HTÍ á fyrirframgreiðslunum var sú að með þessum hætti fékkst hraðari afgreiðsla á heyrnartækjum en afhending hefði viljað dragast vegna erfiðrar skuldastöðu stofnunarinnar gagnvart Ríkiskaupum, sem hefði í för með sér síðbúin uppgjör Ríkiskaupa við Dicon. Einnig komst stofnunin hjá því að greiða virðisaukaskatt og þjónustubóknum til Ríkiskaupa. Könnun Ríkisendurskoðunar á bókhaldi Ríkiskaupa leiddi hins vegar í ljós að viðskiptaskuld Ríkiskaupa við Dicon vegna þessara viðskipta hafi verið gerð upp með nokkuð reglubundnum hætti og var aldrei langvarandi eða óvenjuleg miða við umfang viðskiptanna á því tímabili, sem hér um ræðir. Því verður að telja hæpið að ofangreind skýring eigi við rök að styðjast

Þrátt fyrir fyrirframgreiðslurnar dróst afhending af hálfu Dicon á heyrnartækjunum oft og iðulega. Í árslok 2001 átti fyrirtækið t.d. eftir að skila 30 tækjum samtals að verðmæti liðlega 132 þúsund danskra krónur.

HTÍ afhenti Dicon á tímabilinu magnara að verðmæti 1,1 milljón danskra króna, sem Dicon skyldi greiða með fullbúnum heyrnartækjum. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar telur Ríkisendurskoðun að Dicon hafi afhent HTÍ heyrnartæki að fjárhæð 627 þúsund danskra króna til greiðslu á ofangreindum mögnurum. Dicon sýnist því hinn 31. desember 2001 hafa átt eftir að skila fullbúnum heyrnartækjum að verðmæti liðlega 425 þúsund danskra króna til þess að greiða að fullu andvirði magnaranna. Engir reikningar eða skuldaviðurkenningar af nokkru tagi hafa verið gefnar út vegna þessara viðskipta Dicon og HTÍ.

Heildarskuld Dicon við HTÍ vegna fyrirframgreiðslu stofnunarinnar annars vegar í reiðufé og hins vegar mögnurum, nema samkvæmt framansögðu liðlega 557 þúsund dönskum krónum eða sem nemur tæplega 6,9 milljónum íslenskra króna miðað við gengið í byrjun janúar 2002.

Fyrrverandi framkvæmdastjóri HTÍ hefur upplýst að hafa sjálfur átt frumkvæði að því að greiða fyrirtækinu Dicon fyrirfram. Hann tók út erlenda mynt í reiðufé í ýmsum bankastofnunum innanlands vegna reikninganna, sem bárust á faxi frá Dicon, og innti greiðslurnar af hendi þegar hann átti leið um Kaupmannahöfn.

Fyrirframgreiddu heyrnartækjunum var komið fyrir í sendingum, sem fluttar voru til landsins fyrir milligöngu Ríkiskaupa án vitneskju þeirra og tollyfirvalda. Auk þess eru dæmi þess að framkvæmdastjórinn hafi flutt þau inn í handfangri. Dæmi er og um að hann hafi verið krafinn um greiðslu aðflutningsgjalda af tækjunum í flughöfninni í Leifsstöð. Engar upplýsingar um þessi viðskipti er að finna í bókhaldi HTÍ. Svo

virðist sem enginn starfsmaður eða stjórnarmaður HTÍ annar en fyrrverandi framkvæmdastjóri hafi haft vitneskju um eðli þeirra.

Magnara, sem HTÍ keypti af danska fyrirtækinu Widex, flutti framkvæmdastjórinn í handfarangri sínum frá Íslandi til Kaupmannahafnar og afhenti þá Dicton gegn því að fá síðar afhent heyrnartæki sem endurgjald fyrir þá. Engin gögn er að finna í bókhaldi HTÍ um viðskipti þessi.

Fyrir liggur að vörur þær, sem HTÍ greiddi Dicton fyrirfram án nokkurrar milligöngu eða vitneskju Ríkiskaupa, hafa verið fluttar til landsins án þess að lögboðin grein hafi verið gerð fyrir innflutningnum. Þær bera hvorki toll né vörugjald en hins vegar ber að greiða virðisaukaskatt af tollverði þeirra. Vangreiddur virðisaukaskattur af innflutningi hinna fyrirframgreiddu vara frá Dicton sýnist miðað við innkaupsverð þeirra geta numið tæplega 8,3 milljónum króna fyrir utan dráttarvexti.

Fylgiskjal 1 Greining viðskipta við Diction 1997-2001

1997	Fskj	Nr reikn	Dags reikn	Dkr	Dags greiðsl	Banki
28.097	164	97071	28-feb-97	2.500	28-feb-97	LÍ 111. 14:50
429.620	166	97039	26-feb-97	38.200	26-feb-97	BÍ 303. 11:03
524.799	167	97038	06-feb-97	46.500	25-feb-97	LÍ 139. 13:38
432.296	260	97163	06-maí-97	38.900	22-maí-97	LÍ 139. 13:43
261.871	404	97161	06-maí-97	33.000	10-jún-97	BÍ. 303 13:24
		97200	06-maí-97	2.800	10-jún-97	BÍ. 303 13:24
498.556	405	97162	06-maí-97	29.100	10-jún-97	LÍ.101, 13:43
		97103	06-maí-97	16.100	10-jún-97	LÍ.101, 13:43
131.952	433	97205	13-jún-97	12.000	13-jún-97	LÍ.101, 15:50
376.560	534	ólæsil.	05-ágú-97	36.000	06-ágú-97	LÍ, 139. 13:15
353.477	535	ólæsil.	05-ágú-97	33.800	05-ágú-97	BÍ, 303, 14:11
128.940	649	ólæsil.	27-ágú-97	12.000	27-ágú-97	LÍ, 139. 11:11
97.533	692	97332	02-okt-97	9.000	02-okt-97	LÍ, 115. 02:10
120.874	715	97321	30-sep-97	9.000	10-okt-97	LÍ. 139. 14:53
357.406	715	97309	24-sep-97	35.000	10-okt-97	LÍ. 139. 14:53
260.887	785	97374	03-nóv-97	36.700	03-nóv-97	LÍ. 139, 13:38
146.520	785	Sama	Samantekt	0	Samantekt	Samantekt
204.392	809	97381	10-nóv-97	18.300	11-jan-97	LÍ, 139. 11:24
4.353.780				408.900		

1998	Fskj	Nr reikn	Dags reikn	Dkr	Dags greiðsl	Banki
494.224	50	98029	22-jan-98	45.400	27-jan-98	LÍ 139. 12:48
332.331	51	98028	22-jan-98	30.600	27-feb-98	BÍ. 303 13:56
212.363	53	98031	29-jan-98	19.800	02-feb-98	BÍ 311. 12.05
456.629	213	98017	17-mar-98	42.700	18-mar-98	BÍ 303, 14:21
591.523	214	98108	17-mar-98	55.200	18-mar-98	LÍ, 139 14:34
85.448	215	98047	06-feb-98	8.000	19-mar-98	LÍ, 115. 12:03
89.384	234	98120	24-mar-98	12.100	24-mar-98	LÍ . 139. 12.49
39.372	234	SAMA	SAMA	0	SAMA	SAMA
524.941	694	98297	27-júl-98	48.900	28-júl-98	LÍ. 139. 12:59
219.944	812	98338	24-ágú-98	20.500	24-ágú-98	LÍ, 139, 13:15
435.478	899	ólæsil.	16-jún-98	40.700	18-jún-98	BÍ, 303. 11:29
359.520	900	ólæsil.	16-jún-98	43.500	19-jún-98	LÍ. 139. 12:30
105.930	900	SAMA	SAMA	0	SAMA	SAMA
812.088	1070	98442	14-okt-98	72.000	15-okt-98	LÍ. 139. 13:09
365.537	1071	98441	14-okt-98	51.400	15-okt-98	BÍ, 303. 13:29
5.124.712				490.800		

1999	Fskj	Nr reikn	Dags reikn	Dkr	Dags greiðsl	Banki
496.985	78	99032	27-jan-99	45.400	03-feb-99	Búnaðarbanki austurb
632.102	79	99033	27-jan-99	57.600	03-feb-99	LÍ Múlaútibú
315.274	81	99031	27-jan-99	28.800	04-feb-99	LÍ aðalbanki
487.110	268	99131	17-mar-99	44.800	17-mar-99	LÍ Múlaútibú
469.843	269	99132	17-mar-99	43.200	17-mar-99	Búnaðarbanki austurb
456.666	270	99130	17-mar-99	42.000	17-mar-99	LÍ aðalbanki
48.636	281	99134	18-mar-99	4.500	19-mar-99	LÍ 141
537.919	649	99293	15-jún-99	50.400	18-jún-99	BÍ. Inv.no.breytt. Er í raun 99286
563.708	650	99292	15-jún-99	53.000	21-jún-99	LÍ. Inv.no.breytt.Er í raun 99285
65.329	651	Ólæsil	18-jún-99	6.200	18-jún-99	LÍ Álfabakka
388.354	765	99348	26-júl-99	36.200	28-júl-99	LÍ Lág múla
429.560	828	99357	09-ágú-99	40.000	10-ágú-99	LÍ Lág múla
518.354	888	99389	01-sep-99	48.800	02-sep-99	LÍ Lág múla
432.714	994	99436	28-sep-99	43.000	01-okt-99	BÍ 303
21.108	994	99436	28-sep-99	0	01-okt-99	BÍ 303
221.361	995	99437	28-sep-99	46.700	01-okt-99	LÍ Lág múla
270.904	995	99437	28-sep-99	0	01-okt-99	LÍ Lág múla
130.713	1040	99460	12-okt-99	12.500	12-okt-99	BÍ 303
30.867	1041	99452	11-okt-99	31.800	11-okt-99	LÍ Lág múla
191.250	1041	99452	11-okt-99	0	11-okt-99	LÍ Lág múla
331.610	1042	99452	11-okt-99	0	11-okt-99	LÍ Lág múla
134.969	1113	99479	27-okt-99	13.000	27-okt-99	Íslandsb. 537 kl:13:01
549.822	1114	99478	26-okt-99	53.000	27-okt-99	LÍ Lág múla kl. 13:21
506.535	1122	99494	04-nóv-99	48.950	04-nóv-99	BÍ 303
92.925	1123	99487	29-okt-99	9.000	01-nóv-99	LÍ Laugavegi 77
265.454	1190	99494	04-nóv-99	25.850	16-nóv-99	BÍ 303
368.928	1191	99504	16-nóv-99	36.500	16-nóv-99	LÍ aðalbanki
5.124	1191	99504	16-nóv-99	0	16-nóv-99	LÍ aðalbanki
198.288	1208	99506	16-nóv-99	19.300	17-nóv-99	BÍ Kringlan
346.834	1227	99514	23-nóv-99	34.000	24-nóv-99	LÍ Laugavegi 77
9.509.246				874.500		

2000	Fskj	Nr reikn	Dags reikn	Dkr	Dags greiðsl	Banki
241.845	2	20001	4-jan-00	28.400	4-jan-00	Seðlar
450.692	3	200022	4-jan-00	44.000	5-jan-00	Seðlar
306.905	55	200129	22-mar-00	31.500	29-mar-00	Seðlar
254.696	106	200031	21-jan-00	25.200	21-jan-00	Seðlar
225.878	108	200030	21-jan-00	22.500	25-jan-00	Seðlar
288.032	149	200046	1-feb-00	29.100	2-feb-00	Seðlar
158.128	192	200070	16-feb-00	16.000	16-feb-00	Seðlar
356.756	337	200110	10-mar-00	36.400	17-mar-00	Seðlar
359.196	369	200146	5-apr-00	37.000	5-apr-00	Seðlar
188.374	445	200159	17-apr-00	19.400	17-apr-00	Seðlar
395.514	458	200172	3-maí-00	42.000	3-maí-00	Seðlar
521.256	459	200173	3-maí-00	55.500	3-maí-00	Seðlar
42.606	477	200222	8-jún-00	4.500	8-maí-00	Seðlar
271.810	637	200223	8-jún-00	27.500	9-jún-00	Seðlar
241.927	647	200252	29-jún-00	24.200	29-jún-00	Seðlar
181.314	658	200253	29-jún-00	18.000	30-jún-00	Seðlar
155.786	749	200288	21-júl-00	15.400	21-júl-00	Seðlar
300.564	751	200287	21-júl-00	29.700	27-júl-00	Seðlar
262.786	803	200299	7-ágú-00	26.400	8-ágú-00	Seðlar
288.439	846	200327	23-ágú-00	29.100	23-ágú-00	Seðlar
144.261	873	200336	1-sep-00	14.500	5-sep-00	LÍ 139 kl 09:47
89.424	912	ólæsil.	8-sep-00	9.000	8-sep-00	Seðlar
120.020	923	ólæsil.	14-sep-00	12.100	14-sep-00	Seðlar
243.041	963	200377	26-sep-00	24.200	28-sep-00	Seðlar
121.484	964	ólæsil.	26-sep-00	12.100	29-sep-00	Seðlar
243.307	965	200378	26-sep-00	24.200	28-sep-00	Seðlar
226.058	1044	200408	10-okt-00	22.500	11-okt-00	Seðlar
89.694	1073	200409	10-okt-00	9.000	17-okt-00	Seðlar
89.838	1079	200418	19-okt-00	9.000	20-okt-00	Seðlar
182.502	1195	200438	31-okt-00	18.000	3-nóv-00	Seðlar
213.696	1196	200439	31-okt-00	21.000	6-nóv-00	LÍ Laugav 77 kl 13:51
260.818	1227	200468	17-nóv-00	25.300	16-nóv-00	Seðlar
288.652	1228	200448	13-nóv-00	28.000	13-nóv-00	Seðlar
141.439	1235	200469	17-nóv-00	13.700	17-nóv-00	Seðlar
184.518	1251	200475	27-nóv-00	18.000	27-nóv-00	Seðlar
282.204	1268	200476	1-des-00	27.000	1-des-00	Seðlar
347.424	1292	200477	4-des-00	33.000	5-des-00	Seðlar
697.686	1345	200478	8-des-00	66.000	8-des-00	Seðlar
9.458.570				948.400		

2001	Fskj	Nr reikn	Dags reikn	Dkr	Dags greiðsl	Banki
413.675	17	210001	5-jan-01	37.600	5-jan-01	BÍ 303
381.736	31	210012	10-jan-01	34.900	10-jan-01	LÍ aðalbanki kl. 13:00
264.700	35	210011	10-jan-01	24.200	10-jan-01	LÍ Lág múla kl. 13:23
147.636	98	210048	25-jan-01	13.500	25-jan-01	LÍ Laugavegi 77
65.136	104	210048	25-jan-01	5.900	1-feb-01	LÍ Lág múla
397.440	110	210049	31-jan-01	36.000	1-feb-01	LÍ aðalbanki
239.580	145	210058	5-feb-01	22.000	6-feb-01	LÍ aðalbanki kl. 12:26
239.668	146	210057	5-feb-01	22.000	6-feb-01	BÍ 303 kl. 12:04
147.366	216	210101	28-feb-01	13.500	28-feb-01	LÍ Laugavegi 77
394.452	234	210092	1-mar-01	36.000	6-mar-01	LÍ Austurstræti
361.571	235	210091	1-mar-01	32.900	2-mar-01	BÍ 303
199.512	340	210129	28-mar-01	18.000	28-mar-01	LÍ Laugavegi 77
411.228	372	210146	9-apr-01	36.000	9-apr-01	BÍ 303
341.015	424	210161	19-apr-01	29.700	20-apr-01	LÍ aðalbanki
258.142	437	210160	19-apr-01	22.200	30-apr-01	LÍ Laugavegi 77
450.000	443	210189	4-maí-01	36.000	4-maí-01	BÍ 303
321.003	508	210191	15-maí-01	27.000	15-maí-01	LÍ Lág múla
379.355	509	210192	15-maí-01	31.500	16-maí-01	LÍ aðalbanki
84.227	514	210158	11-maí-01	7.100	11-maí-01	LÍ Álfabakka
133.156	559	210196	21-maí-01	11.000	21-maí-01	Íslandsbanki
5.630.598				497.000		

Fylgiskjal 2 Greining á ferðatíðni fyrrverandi framkvæmdastjóra 1997-2001

Brottför	Heimkoma	Aðalstaður	Viðkoma
1.3.1997	6.3.1997	Stokkh	KPH
16.6.1997	23.6.1997	Prague	KPH
5.10.1997	12.10.1997	Oslo	KPH
12.11.1997	14.11.1997	KPH	
3.2.1998	8.2.1998	KPH	
25.3.1998	1.4.1998	Helsingi	KPH
26.8.1998	4.9.1998	Buenos Aires	KPH
16.10.1998	21.10.1998	Helsingi	KPH
1.12.1998	16.12.1998	KPH	Á eigin vegum. Dagpeningar
5.2.1999	9.2.1999	KPH	
19.3.1999	25.3.1999	Stockholm	KPH
13.10.1999	17.10.1999	Nurnberg	
18.2.2000	23.2.2000	Stockholm	KPH
8.5.2000	17.5.2000	KPH	
1.10.2000	8.10.2000	Köln	KPH
22.10.2000	24.10.2000	Oslo	KPH
30.3.2001	4.4.2001	KPH	

Fylgiskjal 3 Greining viðskipta við Widex 1997 - 2001

Ikr.	Fskj	Reikn. nr	Dags reikn.	Samtals	Flutt út	Notað af HTÍ
1.792.462	1	9701304	21-jan-97	116.367,60		116.367,60
47.902	19	9702179	12-feb-97	3.121,10		3.121,10
107.471	35	9704210	11-apr-97	7.097,04		7.097,04
909.271	36	9704314	18-apr-97	58.276,00		58.276,00
776.004	101	9708112	11-ágú-97	53.190,00	53.190,00	
18.807	123	9710153	8-okt-97	4.185,62		4.185,62
275.178	147	9712164	9-des-97	18.013,24		18.013,24
807.107	3	9801372	23-jan-98	54.515,00	54.515,00	
697.204	24	980232	13-feb-98	46.317,15		46.317,15
1.385.256	30	9803239	12-mar-98	95.322,75	95.322,75	
759.050	50	9804119	7-apr-98	51.472,10		51.472,10
1.188.873	86	9805374	25-maí-98	81.737,50	81.737,50	
471.733	87	9805426	26-maí-98	31.154,00	31.154,00	
1.260.143	105	9808584	31-ágú-98	85.543,00	85.543,00	
3.626	141	28380	30-sep-98	0,00		0,00
43.934	160	9810866	31-okt-98	2.798,00		2.798,00
3.384	186	9811541	11-sep-98	0,00		0,00
3.829	187	9811268	12-nóv-98	0,00		0,00
126.571	4	9901020	5-jan-99	8.115,99		8.115,99
1.703.118	5	9901470	21-jan-99	112.967,04	112.487,50	479,54
10.823	6	9901599	26-jan-99	605,93		605,93
1.079.041	14	9901748	29-jan-99	71.312,27		71.312,27
1.245.052	39	9906206	7-jún-99	85.165,00	85.165,00	
232.615	65	99080209	11-ágú-99	26.640,15		26.640,15
1.844.211	70	99090142	7-sep-99	128.333,50	128.333,50	
28.436	90	9906731	23-jún-99	1.983,42		1.983,42
965.274	158	99110437	15-nóv-99	101.623,72	70.562,50	31.061,22
4.809	163	996409	14-jún-99	0,00		0,00
506.734	6	100010632	26-jan-00	36.532,32	36.532,32	
227.985	22	100030087	3-mar-00	16.761,48		16.761,48
310.592	24	100020680	24-feb-00	22.982,80		22.982,80
87.528	29	100030580	23-mar-00	5.163,53		5.163,53
430.823	32	100040471	13-apr-00	31.790,00	31.790,00	
83.221	50	100050546	18-maí-00	58.984,36		58.984,36
311.614	107	100060674	27-jún-00	23.168,46		23.168,46
469.112	133	100090205	11-sep-00	33.400,96		33.400,96
542.534	157	100100089	4-okt-00	38.114,00	38.114,00	
864.488	331	100080691	28-ágú-00	63.442,00	63.442,00	
702.303	21	101020622	21-feb-01	46.057,90		46.057,90
923.910	43	101040364	17-apr-01	59.259,20		59.259,20
732.930	62	101050612	17-maí-01	44.811,35		44.811,35
1.355.818	65	101030982	30-mar-01	84.678,36	84.678,36	
245.125	75	101060940	29-jún-01	14.391,75		14.391,75
25.585.901				1.825.395,59	1.052.567,43	772.828,16